

Reykjavík, 17. nóvember 2017
R17030180
0140

Borgarstjórn

Kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur, borgarfulltrúa.

Á fundi forsætisnefndar í dag var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. nóvember 2017, varðandi kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa, ásamt fylgigögnum. Forsætisnefnd vísaði málinu til afgreiðslu borgarstjórnar.

F.h. forsætisnefndar

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Bréf skrifstofu borgarstjórnar 14. nóvember 2017.



Forsætisnefnd

Kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa.

Kristín Soffía Jónsdóttir hefur tekið sæti að nýju í borgarstjórn eftir veikindaleyfi og fæðingarorlof. Forsætisnefnd hefur haft kjörgengi borgarfulltrúans til skoðunar eftir að í ljós kom að hann flutti lögheimili sitt í Danmörku á meðan hann var fjarverandi frá störfum í borgarstjórn vegna veikinda og fæðingarorlofs.

Þann 5. apríl 2016 afhendir borgarfulltrúinn afhendir borgarfulltrúinn læknisvottorð þar fram kemur að hann er óvinnufær með öllu frá 11. apríl til 19. júní 2016. Í læknisvottorðinu kemur fram að heimili borgarfulltrúans er í Blönduhlíð 22. Sama dag gengur skrifstofa borgarstjórnar frá tilkynningu um fæðingarorlof borgarfulltrúans en hún er dags. 5. apríl og í henni kemur fram að áætlaður fæðingardagur er 2. júní 2016. Í tilkynningunni kemur fram að borgarfulltrúinn gerir ráð fyrir að vera í fæðingarorlofi í átta mánuði frá fæðingardegi. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá er lögheimilið flutt til Danmerkur þann 8. apríl, en í greinargerð borgarfulltrúans kemur fram að raunverulegur flutningur hafi farið fram 12. apríl. Eftir að formlegt veikindaleyfi hefst situr borgarfulltrúinn þó símleiðis tvo fundi í stjórn Strætó.

Í 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um réttindi sveitarstjórnarmanna samkvæmt greininni, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun. Það hefur Reykjavíkurborg gert með sérstakri samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í þeirri samþykkt er m.a. fjallað um veikindaleyfi borgarfulltrúa og þar kemur fram að sé borgarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum eigi að síður í allt að einu ári. Í samþykktinni kemur einnig fram að um rétt borgarfulltrúa til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Ljóst er að borgarfulltrúinn uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til að fara í veikindaleyfi og í fæðingarorlof og með því fengið leyfi frá störfum sínum í borgarstjórn um stundarsakir samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar og ákvæðum laga um fæðingar- og foreldraorlof. Borgarfulltrúinn upplýsti þó ekki forsætisnefnd né skrifstofu borgarstjórnar um þá fyrirætlan sína að flytja lögheimili sitt til Danmerkur á meðan lausninni

stæði. Ef það hefði verið gert hefði borgarfulltrúanum verið leiðbeint um að óska heimildar borgarstjórnar fyrir flutningnum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga.

Við yfirferð forsætisnefndar á málinu var ákveðið að fela skrifstofu borgarstjórnar að afla lögfræðilegs álits á því efni sem komið var upp þ.e. hvaða áhrif það hefur á kjörgengi borgarfulltrúans nú að loknu fæðingarorlofi að hann flutti lögheimili sitt frá Reykjavík til Danmerkur á meðan hann var fjarverandi frá störfum í borgarstjórn og hefur forsætisnefnd nú borist hjálagt minnisblað Trausta Fannars Valssonar, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands og minnisblað LOGOS dags. 14. nóvember.

Í fyrrnefnda minnisblaðinu (frá Trausta Fannari Valssyni) er álitaefnið afmarkað við áhrif þess að lögum fyrir kjörgengi til sveitarstjórnar ef kjörinn fulltrúi flytur lögheimili til annarra Norðurlanda vegna veikinda eða náms. Eins og fram kemur í niðurstöðukafla minnisblaðsins er meginniðurstaðan sú að geti fulltrúi í sveitarstjórn lagt fram hlutlæg gögn þess efnis að flutningur á lögheimili til annarra Norðurlanda hafi verið vegna eigin veikinda eða náms eða vegna veikinda eða náms maka, í skilningi 9. gr. lögheimilislaga nr. 21/1990, þá þarf slíkt ekki að leiða til missis kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningum hér á landi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Af 3. gr. laga nr. 5/1998 leiðir að kjörgengi til sveitarstjórna er ekki bundið við lögheimili heldur kosningarétt í viðkomandi sveitarfélagi. Ef önnur kjörgengisskilyrði eru fyrir hendi ætti flutningur á þessum forsendum því ekki að hafa áhrif á kjörgengi eins og lögum er nú háttað. Einnig kemur fram í minnisblaðinu að ef sveitarstjórnarmaður hefur fengið lausn um stundarsakir þá sé hann, á meðan á lausninni stendur, ekki fulltrúi í sveitarstjórninni að formi til. Hann verður það ekki aftur fyrr en lausninni lýkur. Þar sem annað er ekki tekið fram í lögum virðist ekki skipta máli þótt hann eftir atvikum missi kjörgengisskilyrði á meðan á lausninni stendur, enda sé tryggt að kjörgengisskilyrði hafi verið uppfyllt fram að þeim tíma að lausn tók gildi og séu án vafa uppfyllt á ný áður en lausn tekur endi. Er sú túlkun enda í samræmi við þann möguleika sem 3. mgr. 30. gr. gerir ráð fyrir, þ.e. að hægt sé að fá lausn um stundarsakir beinlínis vegna flutnings úr sveitarfélagi. Af þessu leiðir að ef sveitarstjórnarmaður hefur fengið lausn frá störfum í sveitarstjórn um stundarsakir (tímabundið), flytur að því loknu lögheimili sitt út úr sveitarfélagi en er fluttur til baka áður en lausn lýkur, þá hafa þær ráðstafanir einar og sér ekki áhrif á hæfi hans til að taka sæti í sveitarstjórninni að nýju.

Í seinna minnisblaðinu (frá LOGOS) kemur fram með vísan til niðurstöðukaflans að talinn er verulegur vafi vera til staðar hvort borgarfulltrúinn hafi misst kjörgengi sitt með flutningi lögheimilis síns til Danmerkur, meðan á veikindaleyfi og fæðingarorlofi hans stóð, þannig að ákvæði 1. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga (sbr. 1. mgr. 3. gr. sbr. 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna) eigi að skýrast fortakslaust og án þess að tekið sé tillit til þess að borgarfulltrúinn hafði tilkynnt um forföll samkvæmt 3. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga. Við þetta mat er það talið skipta meginmáli að borgarfulltrúinn er rétt kjörinn borgarfulltrúi í lýðræðislegum kosningum, varamaður tók sæti borgarfulltrúans meðan á veikindaleyfinu stóð, réttindi og skyldur IV. kafla sveitarstjórnarlaga taka til varamanns meðan hann á sæti aðalmanns, og að síðustu að ákvörðun sveitarstjórnar um að úrskurða um að svipta borgarfulltrúa kjörgengi er verulega íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun.

Að öðru leyti vísast til minnisblaðanna í heild sinni sem eru hjálögð. Einnig hefur forsætisnefnd borist greinargerð borgarfulltrúans dags. 6 nóvember sl. þar sem málavextir eru raktir.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Minnisblað Trausta Fannars Valssonar um afmörkuð álitamál tengd kjörgengi borgarfulltrúa dags. 2. nóvember 2017

Greinargerð Kristínar Soffíu Jónsdóttur dags. 6. nóvember 2017.

Minisblað LOGOS dags. 14. nóvember